

TILLÖGUR STJÓRNAR KVÍKU BANKA HF. TIL AÐALFUNDAR ÞANN 21. APRÍL 2021

Dagskrá:

- 1) Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár.
- 2) Ársreikningur félagsins fyrir árið 2020 og ákvörðun um meðferð hagnaðar félagsins á reikningsárinu.
- 3) Tillaga um að heimila félaginu að kaupa eigin hlutabréf.
- 4) Tillaga um starfskjarastefnu félagsins.
- 5) Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins.
- 6) Kosning stjórnar og varastjórnar félagsins.
- 7) Kosning endurskoðenda félagsins.
- 8) Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefndum stjórnar.
- 9) Önnur mál.

A. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2020 og ákvörðun um meðferð hagnaðar félagsins á reikningsárinu (vegna dagskrárliðar 2)

Lagt er til að ársreikningur ársins 2020 verði samþykktur eins og hann er lagður fram. Stjórn leggur til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu 2021 og að hagnaður ársins 2020 leggist við eigið fé félagsins.

Greinargerð: Vísað er til ársreikningsins varðandi nánari upplýsingar um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Samkvæmt arðgreiðslustefnu er það markmið félagsins að greitt sé 25% af árlegum hagnaði eftir skatta í arð til hluthafa en að við framkvæmd arðgreiðslustefnunnar skuli horft jafnt til hefðbundinna arðgreiðslna annars vegar og kaupa félagsins á eigin bréfum samkvæmt endurkaupaáætlun hins vegar. Þá skal við framkvæmd stefnunnar tekið tillit til eiginfjárstöðu og mats á þeim tækifærum sem felast í að endurfjárfesta hagnaði í rekstri og vexti félagsins.

Á árinu var ráðist í samruna félagsins við TM hf. og Lykil fjármögnun hf., sem gengur endanlega í gegn um mánaðamótin mars/apríl 2021. Auk þess var í byrjun árs 2021 gengið frá kaupum á öllu hlutafé í Netgíró hf. og á öllu hlutafé í Aur app ehf. í marsmánuði 2021. Við þessar aðstæður taldi stjórn æskilegt að leggja til að ekki yrði greiddur út arður á árinu 2021. Eiginfjárstaða félagsins er þó mjög sterk. Eiginfjárhlutfallið var 28,3% á samstæðugrundvelli um áramót, en viðmið eftirlitsaðila um lágmarkseiginfjárhlutfall eru jafnframt há. Eiginfjárhlutfall er vel umfram slík viðmið, sem eru nú 20,6%, en nauðsynlegt er að eigið fé sé umfram lágmarks eigið fé, bæði vegna öryggissjónarmiða og til þess að svigrúm sé til að sækja tækifæri sem metin eru arðsöm. Sterk eiginfjárstaða er forsenda fjármögnunar efnahagsreiknings félagsins með tilliti til vaxtarmöguleika og hagstæðra kjara.

Í ljósi þessa leggur stjórn fram tillögu undir þriðja dagskrárlið fundarins um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum. Ef svigrúm skapast á árinu 2021 til lækkunar eigin fjár getur stjórn félagsins ákveðið að nýta slíka heimild til endurkaupa á eigin bréfum.

B. Tillaga um að heimila félaginu að kaupa eigin hlutabréf (vegna dagskrárliðar 3)

Stjórn félagsins leggur fram eftirfarandi tillögu til samþykktar á aðalfundi félagsins:

„Aðalfundur Kvíku banka hf. haldinn 21. apríl 2021 samþykkir að veita stjórn félagsins heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd félagsins allt að 5% af hlutafé þess. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að; i) koma á formlegri endurkaupaáætlun og/eða ii) auka eða styrkja viðskiptavakt með hluti í félaginu, þannig að félagið eigi, að öðrum lagaskilyrðum fullnægðum, allt að 5% af hlutafé félagsins. Framkvæmd endurkaupa á grundvelli heimildar þessarar er háð því skilyrði að

fyrirframsamþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, samkvæmt a-lið 3. mgr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, hafi verið veitt. Heimild þessi gildir þar til á aðalfundi félagsins árið 2022.“

Greinargerð: Stjórn óskar sambærilegrar heimildar til kaupa á eigin bréfum og var veitt til eins árs á síðasta aðalfundi. Heimildin sem veitt var á síðasta aðalfundi nam 10% af hlutafé félagsins en í ljósi aukningar á hlutafé vegna samruna Kviku banka hf., TM hf. og Lykils fjármögnunar hf. leggur stjórn til að heimildin nemi 5% af hlutafé. Heimild til kaupa á eigin hlutum var ekki nýtt á síðastliðnu ári.

Almennt er litið svo á að sambærileg sjónarmið eigi við um kaup félags á eigin bréfum og um ákvörðun arðgreiðslna að teknu tilliti til afkomu félags. Markmiðið með tillögunni er að setja fram með gagnsæjum hætti hvernig bankanum skuli heimilt að ráðstafa fjármunum til hluthafa, m.a. með hliðsjón af arðgreiðslustefnu bankans. Heimild þessi til endurkaupa eigin hluta er háð því að skilyrði laga og reglugerða um endurkaup eins og þau eru á hverjum tíma séu uppfyllt. Þá skal gætt að því að Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hafi veitt samþykki sitt áður en farið verður í endurkaup í samræmi við ákvæði laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Um formlega endurkaupaáætlun gilda ákvæði laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, og reglugerðir settar á grundvelli þeirra. Við ákvörðun og framkvæmd endurkaupaáætlunar er farið að ákvæðum þeirra eins og þau eru á hverjum tíma og við framkvæmd hennar skal tryggja gagnsæi slíkra viðskipta með eigin hluti.

C. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins (vegna dagskrárliðar 4)

Stjórn félagsins leggur til að framlögð starfskjarastefna verði samþykkt.

Greinargerð: Stjórn Kviku banka hf. hefur það að markmiði með tillögu að starfskjarastefnu, sem lögð er fyrir aðalfund félagsins, að marka félaginu stefnu um starfskjör sem geri félaginu fært að laða til sín starfsfólk í fremstu röð og tryggja þar með samkeppnishæfni félagsins að teknu tilliti til laga og reglna.

Efnislegar breytingar á starfskjarastefnu, sem lagðar eru til við aðalfund, lúta í fyrsta lagi að því að Kvika hafi hlotið jafnlaunavottun á árinu 2020. Í öðru lagi er lagt til að auka heildarfjárhæð sem heimilt er að greiða í kaupauka úr 50 m.kr. í 150 m.kr. að því gefnu að árangursviðmiðum sé náð, enda er félagið að stækka verulega og starfsmönnum að fjölga með framangreindum samruna. Verði hagnaður ársins umfram markmið, nú 15%, um arðsemi eigin fjár utan skatteignar og óefnislegra eigna verði stjórn þó heimilt að greiða allt að 20% af hagnaði umfram arðsemismarkmið (reiknað sem hlutfall hagnaðar fyrir skatta á móti vigtuðu eigin fé ársins utan skatteignar og óefnislegra eigna á samstæðugrundvelli). Felur það í sér sambærilegt hlutfall af heildarlaunakostnaði samstæðu og á síðasta ári, þ.e. 2,3% á meðan fjárhæð greiddra kaupauka vegna ársins 2020 voru 2,4% af launakostnaði samstæðunnar. Í þriðja lagi er lagt til að skerpa á því að frestaður kaupauki falli niður við þær aðstæður að starfsmaður lætur af starfi hjá samstæðunni af eigin frumkvæði eða er sagt upp vegna brots í starfi. Í fjórða lagi er lagt til að stjórn verði veitt heimild til að samþykkja kaupréttaráætlun byggða á 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt sem heimili félaginu að gera kaupréttarsamninga við starfsmenn félagsins um kaup á hlutum í bankanum að fjárhæð allt að 1.500.000 kr. að markaðsvirði á ári hverju næstu þrjú ár.

Markmið fyrirhugaðrar kaupréttaráætlunar Kviku væri að samþætta hagsmunum starfsmanna við langtímamarkmið samstæðunnar. Fastráðnum starfsmönnum samstæðunnar myndi gefast kostur á að gera samning um ávinnslu kaupréttar á hlutum að kaupverði allt að 1.500.000 kr. á ári byggt á markaðsverði við gerð samnings. Réttinn yrði unnt að nýta á 12 mánaða fresti í að hámarki þrjú ár. Kaupréttaráætlunin myndi byggja á 10. gr. tekjuskattslaga og yrði leitað eftir staðfestingu frá Skattinum á að áætlunin uppfylli skilyrði þeirrar greinar. Starfsmenn sem eiga hlutabréf í full tvö ár í kjölfar nýtingar kaupréttar borga fjármagnstekjuskatt af hagnaði en séu hlutir seldir innan tveggja ára greiðist tekjuskattur af hagnaði. Gjaldfærsla vegna kaupréttaráætlunarinnar byggir á

Black-Scholes útreikningum í upphafi tímabils og er áætluð heildargjaldfærsla um 116 m.kr. yfir þrjú ár sem jafngildir um 39 m.kr. á ári.

Aðrar breytingar á starfskjarastefnunni eru óefnislegar orðalagsbreytingar en vísað er til fyrirliðgjandi starfskjarastefnu og skýrslu stjórnar um framkvæmd starfskjarastefnu.

D. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins (vegna dagskrárliðar 5)

Stjórn leggur til eftirfarandi breytingar á samþykktum félagsins:

(i) Rafræn eignarskráning

Vegna lagabreytinga er lögð til breyting á tilvísun í lög varðandi rafræna eignarskráningu á hlutum í félaginu, þannig að gr. 2.5. í samþykktum félagsins verði svohljóðandi:

„Hlutir félagsins eru skráðir rafrænt í verðbréfamiðstöð, sem starfar samkvæmt lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna. Yfirlit verðbréfamiðstöðvar um eigendur hluta í félaginu er fullgild hlutaskrá þess og skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu. Hvers konar tilkynningar til hluthafa skal senda til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hluta í hlutaskrá félagsins.“

Greinargerð: Vegna gildistöku nýrra laga nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna er lagt til að skipta út tilvísun í eldri lög nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

(ii) Boðun hluthafafunda

Í samræmi við ákvæði laga um hlutafélög nr. 2/1995 er lagt til að breyta ákvæði í samþykktum félagsins um boðun hluthafafunda þannig að það samræmist ákvæðum laganna um félög sem hafa hlutabréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði. Er því lagt til að gr. 3.5. í samþykktunum verði framvegis svohljóðandi:

„Til hluthafafunda skal boðað með rafrænum hætti til að tryggja skjótan aðgang að upplýsingum á jafnréttisgrundvelli. Skylt er að nota trausta miðla er tryggja virka útbreiðslu upplýsinga til almennings á Evrópska efnahagsvæðinu.“

Hluthafafundir skulu boðaðir með minnst þriggja vikna fyrirvara og lengst fjórum vikum fyrir fund.

Heimilt er að halda hluthafafundi félagsins annars staðar en á heimili félagsins, sbr. einnig gr. 3.10.“

Greinargerð: Í samræmi við ákvæði laga um hlutafélög nr. 2/1995 er lagt til að breyta ákvæði í samþykktum félagsins um boðun hluthafafunda, sem nú kveður á um boðun með tilkynningu til hvers hluthafa með bréfi eða tölvupósti eða með auglýsingu í dagblaði. Breytingin sem lögð er til er í samræmi við 88. gr. b. fyrrgreindra laga, sem tekur til félaga þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

(iii) Rafrænir hluthafafundir

Lagt er til að bæta við heimild til þess að hluthafafundir verði aðeins haldnir rafrænt, sbr. 2. mgr. 80. gr. a laga um hlutafélög nr. 2/1995. Við samþykktir félagsins bætist nýtt ákvæði 3.10 sem er svohljóðandi:

„Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafafundur verði aðeins haldinn rafrænt, hvort heldur í heild eða að hluta, enda sé tækni sú sem nýtt er til fundarins að mati stjórnar örugg og fullnægir kröfum hlutafélagalaga. Ákvörðunar um að hluthafafundur skuli haldinn rafrænt skal getið í fundarboði. Þar skulu einnig koma fram upplýsingar um nauðsynlegan tæknibúnað sem hluthafar þurfa til þess að geta tekið þátt í fundinum, upplýsingar um hvernig hluthafar tilkynni þátttöku sína, upplýsingar um hvernig atkvæðagreiðsla fer fram og hvar hluthafar nálgast leiðbeiningar um fjarskiptabúnað, aðgangsorð til þátttöku á

fundinum og aðrar upplýsingar sem átt geta við. Sé hluthafafundur haldinn með rafrænum hætti að einhverju eða öllu leyti, skal innslegið aðgangsorð í hinn tilgreinda fjarskiptabúnað jafngilda undirritun viðkomandi hluthafa og telst það staðfesting á þátttöku hans á hluthafafundinum.“

Greinargerð: Stjórn leggur til, í samræmi við heimild í hlutafélagalögum, að heimilt verði að halda hluthafafundi í félaginu eingöngu rafrænt.

(iv) Niðurfelling heimildar til hækkunar hlutafjár í B lið bráðabirgðaákvæðis I

Stjórn leggur til að heimild til hlutafjárukningar í B lið bráðabirgðaákvæðis I við samþykktir félagsins verði felld út úr samþykktunum.

Greinargerð: Í B lið bráðabirgðaákvæðis I er að finna heimild fyrir stjórn til hlutafjárukningar sem stendur í kr. 42.696.575 að nafnvirði. Heimildin var sett inn í samþykktir til þess að uppfylla skyldur félagsins skv. eldri kaupréttaráætlun, sem lauk á árinu 2020. Heimildin gildir skv. orðalagi sínu til 30. nóvember 2021 en þar sem ekki eru frekari samningsskuldbindingar fyrir hendi til nýtingar á heimildinni leggur stjórn til að hún verði felld úr gildi.

(v) Framlenging heimildar stjórnar til útgáfu áskriftarréttinda

Lagt er til að ónýtt heimild stjórnar til útgáfu áskriftarréttinda samkvæmt bráðabirgðaákvæði II í samþykktum félagsins verði, ásamt samsvarandi heimild til hlutafjárhækkunar, framlengd til eins árs.

Greinargerð: Á aðalfundi árið 2019 samþykktu hluthafar að veita stjórn heimild til útgáfu áskriftarréttinda að allt að 100.000.000 nýjum hlutum. Heimildin gildi til aðalfundar félagsins árið 2020. Stjórn nýtti á árinu 2019 heimildina að hluta og seldi á gangvirði áskriftarréttindi að 46.000.000 nýjum hlutum. Á aðalfundi félagsins árið 2020 samþykkti aðalfundur að framlengja ónýtta heimild samkvæmt bráðabirgðaákvæði II til útgáfu áskriftarréttinda, sem nær til 54.000.000 nýrra hluta, í eitt ár, þ.e. til aðalfundar 2021. Heimild til útgáfu áskriftarréttinda var ekki nýtt á árinu en stjórn óskar eftir heimild aðalfundar til þess að framlengja heimildinni aftur til eins árs, þ.e. til aðalfundar félagsins árið 2022.

(vi) Heimild til hlutafjárukningar til þess að uppfylla skyldur samkvæmt almennri kaupréttaráætlun

Í samræmi við tillögu um breytingar á starfskjarastefnu, sbr. dagskrárlið 4, er lagt til að stjórn verði veitt heimild til þess að hækka hlutafé til þess að uppfylla skyldur félagsins samkvæmt kaupréttarsamningum sem kunna að vera gerðir á grundvelli kaupréttaráætlunar. Við samþykktir félagsins bætist því nýtt bráðabirgðaákvæði V sem verði svohljóðandi:

„Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins í áföngum um allt að kr. 70.000.000 að nafnverði, í þeim tilgangi að uppfylla kaupréttarsamninga í samræmi við kaupréttaráætlun félagsins sem staðfest hefur verið af Skattinum í samræmi við 10. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Heimildin gildir til 31. desember 2024, að því leyti sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir það tímamark. Hluthafar hafa ekki forgangsrétt að hinum nýju hlutum. Kaupgengi hlutanna og aðrir skilmálar skulu vera í samræmi við efni kaupréttarsamninga og samþykktu kaupréttaráætlun félagsins.“

Greinargerð: Vísað er til greinargerðar varðandi dagskrárlið 4 um breytingar á starfskjarastefnu en tillaga þessi stendur í samhengi við hana. Fjárhæð heimildarinnar miðar við áætlaðan starfsmannafjölda samstæðu á gildistíma áætlunar og nemur hún um 1,5% af útgefnum hlutafé félagsins.

E. Tillaga um kosningu endurskoðenda félagsins (vegna dagskrárliðar 7)

Lagt er til að endurskoðunarfyrtækið Deloitte ehf. verði kosið sem endurskoðandi félagsins fyrir árið 2021.

Greinargerð: Stjórn leggur til að núverandi endurskoðendur félagsins verði kjörnir til áframhaldandi starfa. Deloitte ehf. hefur verið endurskoðunarfyrtæki félagsins frá aðalfundi félagsins árið 2016.

F. Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefndum stjórnar (vegna dagskrárliðar 8)

Lagt er til að þóknun stjórnarmanns fyrir næsta starfsár félagsins verði ákveðin kr. 455.000,- á mánuði („mánaðarleg stjórnarþóknun“) og þóknun stjórnarformanns verði tvöföld mánaðarleg stjórnarþóknun. Lagt er til að stjórnarmenn fái greitt 25% af mánaðarlegri stjórnarþóknun fyrir hvern stjórnarfund umfram 15 fundi fram að næsta aðalfundi félagsins.

Þá er lagt til að þóknun varamanna í stjórn verði helmingur mánaðarlegrar stjórnarþóknunar fyrir hvern setinn stjórnarfund en þó aldrei hærri en mánaðarleg stjórnarþóknun innan hvers mánaðar. Greiðsla til hvers varamanns skal að lágmarki nema mánaðarlegri stjórnarþóknun á ári.

Loks er lagt til að nefndarmenn undirnefnda stjórnar fái 45% af mánaðarlegri stjórnarþóknun á mánuði og nefndarformenn 55% af mánaðarlegri stjórnarþóknun.

Greinargerð: Tillagan tekur mið af þóknun stjórnarmanna í sambærilegum félögum, af umfangi starfsins, ábyrgðar og eðli þess, auk þess fórnarkostnaðar sem stjórnarmenn þurfa að bera til að geta rækt skyldur sínar við félagið t.d. eins og lýst er í 52. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Við sameiningu Kviku, TM og Lykils breytist eðli starfseminnar, og um leið ábyrgð stjórnarmanna. Stjórn samstæðunnar ber aukna ábyrgð í ljósi víðtækari starfsemi innan samstæðunnar og þarf þóknun stjórnarmanna að taka mið af því. Þetta er í samræmi við tilmæli EBA.

Óhjákvæmilegt er að líta til samruna Kviku, TM og Lykils í þessu samhengi. Stjórnarlaun hjá TM hafa þannig verið hærri en hjá Kviku en óeðlilegt er að þau lækki við það að félagið stækki, umfang aukist, eðli starfseminnar breytist og ábyrgð verði víðfeðmari. Laun stjórnarmanna TM hafa verið kr. 455.000 á mánuði og hafa verið óbreytt frá aðalfundi félagsins sem haldinn var í mars 2020. Tillagan tekur mið af þessu og felur í sér að þóknun stjórnarmanns verði þau sömu og samþykkt voru á aðalfundi TM árið 2020 eða kr. 455.000.

Þóknun stjórnarmanna í Kviku hefur verið óbreytt frá aðalfundi félagsins árið 2019 sem haldinn var 14. mars það ár, en á aðalfundi félagsins árið 2020 lagði stjórn til óbreyttar þóknunar milli ára sökum þeirrar óvissu sem þá vofði yfir vegna heimsfaraldurs Covid-19. Frá aðalfundi félagsins 2019 hafa laun á almennum markaði þróast þannig að laun hafa hækkað skv. Lífskjarasamningi um kr. 50.750, þar af um kr. 33.750 frá því aðalfundur félagsins árið 2020 var haldinn þann 26. mars 2020. Við hækkingu þóknunar til stjórnarmanna árið 2019, þegar þóknun fyrir stjórnarstörf var síðast hækkuð, var horft til breytinga á launavísitölu árið 2018. Síðan þá, frá ársbyrjun 2019 til ársloka 2020, hefur launavísitala hækkað um 12,0%, þar af um 7,2% árið 2020. Það er því ljóst að tillagan gengur skemur en ef þóknun myndi hækka í samræmi við hækkanir launa á almennum markaði.

	Stjórnarlaun Kviku uppfærð frá 2019	Stjórnarlaun Kviku uppfærð frá 2020	Stjórnarlaun TM uppfærð frá 2020
m.v. launavísitölu	476.010 kr.	455.630 kr.	487.792 kr.
m.v. Lífskjarasamning	475.750 kr.	458.750 kr.	488.750 kr.

Þóknun stjórnarmanna í Arion banka, Landsbanka og Íslandsbanka er á bilinu kr. 450.000 – 490.900 á mánuði, þóknun stjórnarformanns er á bilinu kr. 785.000 – 981.400 á mánuði, þóknun nefndarmanna í undirnefndum á bilinu kr. 196.300 – 225.000 og þóknun formanns undirnefnda á bilinu kr. 255.000 – 275.000. Þóknun stjórnarmanna hjá Kviku skv. tillögu þessari verða því í takti við þóknun stjórnarmanna hjá sambærilegum félögum.

	<i>Arion</i>	<i>Landsbankinn</i>	<i>Íslandsbanki</i>	<i>Kvika (tillaga 2021)</i>
Formaður stjórnar	981.400 kr.	785.000 kr.	785.000 kr.	910.000 kr. (grunnþóknun)
Aðrir stjórnarmenn	490.900 kr.	450.000 kr.	450.000 kr.	455.000 kr. (grunnþóknun)
Formaður undirnefndar	255.000 kr.	275.000 kr.	275.000 kr.	247.500 kr.
Aðrir nefndarmenn	196.300 kr.	225.000 kr.	225.000 kr.	204.750 kr.

Verði störf mjög mikil að umfangi og stjórnarfundir fram að næsta aðalfundi félagsins fleiri en 15 þá verði stjórnarmönnum greitt sérstaklega fyrir það. Föst mánaðarleg þóknun endurspeglar þannig þá ábyrgð sem starfið felur í sér, tekur mið af eðli starfsins og þeim fórnarkostnaði sem stjórnarmenn þurfa að bera til að geta rækt skyldur sínar. Verði stjórnarfundir fleiri verði greidd 25% af mánaðarlegri stjórnarþóknun fyrir hvern fund, sem endurspeglar þann tíma sem fer í undirbúning fyrir fund sem og fundartíma.

Stjórn Kviku banka hf.